

Dagskipulag Stóra Gil

Útiskóli:

Á þriðjudögum fer Stóra Gil í útiskóla með Hallberu og Jónínu/Magndísi. Horft er á verkefni sem efla seiglu og ýta undir fjölbreytta kennsluhætti. Umhverfið okkar hér við Laugarvatn er fjölbreytt og mikið hægt að gera til að auka heilbrigði og hreysti.

Frjáls leikur:

Er ein helsta náms og þroskaleið barna. Í gegnum leikinn læra þau mjög margt m.a. að læra á eigin tilfinningar og annarra, læra samskipti og þolinmæði. Frjálsi leikurinn er líka mikill gleðigjafi og getur átt stóran þátt í að efla sjálfsmynd þeirra. Ýmsir fræðimenn hafa lagt áherslu á mikilvægi frjálsa leiksins m.a. John Dewey og Jean Piaget en þeir töldu m.a. að leikurinn væri ein helsta aðferð barnsins við að læra. Barnið læri með því að framkvæma hlutina og að bregðast við viðbrögðum umhverfisins og eigin gjörðum.

Útivera/útileikir:

Eru nauðsynlegir til að styrkja þol og samhæfingu og auka á samvinnu og gleði úti við þar sem er mikið pláss. Útivera þjálfar einnig grófhreyfingar.

Lubbi:

Býður öllum börnum með sér í ævintýraferð um allt Ísland í leit að 35 málbeinum sem hjálpa honum að læra íslensku

málhljóðin fljótt og vel með ýmsum æfingum og í gegnum söng. Einnig læra börnin að tengja saman hljóðin og undirbúa sig fyrir að lesa og skrifa.

Orðaspjall:

Er leið til að efla orðaforða og hlustunarskilning með lestri bóka. Markviss orðakennsla sem hefur áhrif á lesskilning. Samhliða orðakennslunni er lögð áhersla á að efla málskilning og máltjáningu barnanna með samræðum.

Samverustund

Söngstund:

Er stór þáttur í málörvun barna. Þar er m.a. orðaforði aukinn, taktur æfður, rím notað og þolinmæði æfð.

Hringekja:

Í Hringekju er unnið almennt hópastarf, þar lærum við meðal annars að skiptast á og taka tillit til annarra, það að bíða og að fara eftir fyrirmælum. Þar fer einnig fram mikil málörvun bæði skipulögð og óskipulögð, börnin læra m.a. markvisst að þekkja litina, tölurnar og stafina. Þetta er frábær staður til að skiptast á skoðunum og æfa samskipti. Kennt er í gegnum leiki, spil og fleira bæði með tilbúnum námsgögnum og ýmsu öðru.

Hvöld:

Er afar mikilvæg stund í leikskólanum. Hún er ein af undirstöðum þess að barninu líði vel allan daginn í leikskólanum. Yngri börnin sofa en þau eldri hlusta á sögu og liggja á dýnum með kotta og teppi. Lögð er áhersla á að stundin sé róleg og þægileg.